



Heiti áfanga: Upplifðu Suðurland

Áfanganúmer: FERÐ2US05

Þrep: 2

Fyrir hvaða bekk: 3N og 3F

Aðili sem kynnir áfanga: Jón Snæbjörnsson

Forkröfur: Engar

Lýsing:

Í áfanganum er unnið með Suðurland í víðum skilningi. Áhersla er lögð á að áfanginn sé þverfaglegur með aðkomu sérfræðinga á mismunandi fræðasviðum varðandi sérstöðu Suðurlands í víðum skilningi. Sérstaklega er litið til samstarf við bæði Háskólasetur Suðurlands og Markaðsstofu Suðurlands (Upplifðu Suðurland).

Skoðað er hvað einkenni Suðurland. Menning, saga, náttúra, jarðfræði og framandleiki. Hvernig það hefur byggst upp og breyst á síðustu áratugum, staður verður til. Einnig er rýnt í hugmyndir er ekki hafa orðið að veruleika / efsaga (e. what if history). Farið er í könnunarleiðangra innan Suðurlands hvar nemendur móta spurningar út frá áhuga sínum og því sem þeir upplifa.

Áfanginn endar með hópferð á einhvern af vinsælustu ferðamannastöðum Íslands hvar upplifun Suðurlands er borin saman við upplifun áfangastaðarins.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Suðurlandi sem upplifun

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- átta sig almennt á staðháttum, framandleika, aðgengi, aðstöðu og aðdráttarafli
- nýta sér yfirlitsrit, handbækur, heimasíður þ.e. leita ritaðra upplýsinga á sem víðustu sviði
- nýta sér nútíma upplýsinga- og samskiptatækni, samfélagsmiðla
- lesa úr landakortum, rafrænum kortum og upplýsingum fyrir ferðamenn
- lesa í skipulagsáætlanir, framtíðarsýn

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þekkingu sína og leikni til að:

- vita hvar helst er að finna upplýsingar um land og þjóð, náttúru og staðhætti
- þekkja þolmörk svæða og einstakra staða, sjálfbæra nýtingu

Námsmat: Fjölbreytt námsmat sem endurspeglar markmið áfangans.